

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

Reykjavík 8. september 2020  
UST202007-172/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis við Seftjörn, lóð 1, og nýtt deiliskipulag**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 15. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis við Seftjörn, lóð 1, og nýju deiliskipulagi.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að skilgreint verður nýtt 5 ha iðnaðarsvæði (I10) undir starfsemi Eldisvarar við Seftjörn, lóð 1 á Barðaströnd þar sem áður var landbúnaðarland. Áformað er að fara í endurskipulagningu og uppbyggingu á svæðinu en núverandi starfsleyfi veitir heimild til þess að vinna allt að 200 tonn í land- og kvíaeldi en ársframleiðsla er um 28 tonn af flökum og lífmassi á ársgrundvelli um 40 tonn.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er áætlað að svæðið, sem er hér til umfjöllunar, verði skilgreint sem landbúnaðarland/athafnasvæði í endurskoðuðu aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 – 2030.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að innan lóðarinnar eru tvö mannvirki á svæðinu, eldishús (372,5 m<sup>2</sup>) og geymsla (42,2 m<sup>2</sup>). Auk þess kemur fram að nýlega hefur verið byggð viðbygging við eldishúsið sem er á tveimur hæðum og er um 160 m<sup>2</sup> að stærð. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir um 1.800 m<sup>2</sup> byggingarreit (merktur A) við fiskeldisstöðina og innan hans er heimilt að stækka stöðina sem því nemur. Innan byggingarreits B er heimilt að stækka geymslu í allt að 150 m<sup>2</sup>.

### **Vatnsfjörður - Friðland**

Í greinargerð kemur fram að þverá er innan marka friðlands Vatnsfjarðar, sem friðlýst var 1975, og því áriðandi að öll uppbygging og skipulagning starfseminnar sé eins og best verður á kosið með tilliti til þess. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við auglýsingu nr. 96/1975 um friðlandið í Vatnsfirði.

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sé nauðsynlegt að samvinna verði við

stofnunina um breytingar aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags að því er tekur til friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að skv. 3. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga eru hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41. gr. laganna.

### **Forsendur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ákvæði um umfang verkefnisins, eins og heimildir um byggingarmagn og framleiðslumagn stöðvarinnar, séu sett fram bæði í aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagstillögunni með skýrum hætti. Umhverfisstofnun telur umfang verkefnisins vera óljóst þar sem settir eru fram óljósir skilmálar í aðalskipulagi varðandi framleiðslumagn stöðvarinnar og um áform um byggingarmagn. Í kafla 6., þar sem fjallað er um umhverfisáhrif, kemur fram að skipulagsáformin eru ekki talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér þar sem ársframleiðsla er 28 tonn af flökum og lífmassi á ársgrundvelli 40 tonn, en hins vegar er vitnað í starfsleyfi stöðvarinnar sem er allt að 200 tonn. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir heimild um stækkun stöðvarinnar um allt að 1.800 m<sup>2</sup>. Mikilvægt er að þetta sé skýrt svo hægt sé að meta umhverfisáhrif tillögunnar og þar sem starfsleyfi rekstraraðila er m.a. veitt í samræmi við gildandi skipulag. Ef áformað er eldi í stöðinni allt að 200 tonnum er nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif þess umfangs. Ef áformað er að umfang eldis sé áfram í samræmi við núverandi raunframleiðslu væri eðlilegt að afmarka leyfi til starfseminnar í samræmi við það m.a. þar sem framleiðslan fer fram innan friðlands.

### **Leyfi**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í deiliskipulagstillögunni að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að því er tekur til friðlandsins, sbr. auglýsingu um friðland í Vatnsfirði nr. 96/1975.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstur fiskeldisstöðva er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

### **Staðhættir og umhverfisaðstæður - Lífríki**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um lífríkið á svæðinu í tillögunni og áhrif verkefnisins á það. Stofnunin bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru m.a. þangföror á svæðinu. Í þangfjörum getur verið mikið fuglalíf allt árið um kring, mest þó um fartímamann á vorin.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á lífríki og ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til verndar þess.

### **Fráveita**

Í aðalskipulagsbreytingunni kemur fram að gera skal ítarlega grein fyrir fráveitu og úrgangsmálum í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fráveitumál í deiliskipulagstillögunni og bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Umhverfisstofnun veur athygli á að skv. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal öllu skólpi, sem veitt er til sjávar, veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir fráveitumálum í deiliskipulagstillögunni og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um útfærslu á fráveitu með ítarlegum hætti sem er veitt til sjávar í deiliskipulagstillögunni.

### Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er gerð nægilega grein fyrir úrgangsmálum í deiliskipulagstillögunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í deiliskipulagstillögunni meðhöndlun úrgangs frá eldinu eins og fastefni (set úr hreinsunarsíum), dauðum fiski og blóðvatns og hvort hann er sendur í urðun eða í endurnýtingu.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsörðun um meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Efnið sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa.

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar, s.s. áburðarnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli, m.a. til áburðar fremur en til förgunar með urðun.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan er innan friðlands þar sem Vatnsfjörður er m.a. verndaður vegna búsvæða fjölskrúðugs lífríkis er mikilvægt að starfseminni sé markaður skýr rammi í aðal- og deiliskipulagi og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar.

### Byggingar

Umhverfisstofnun bendir á að skv. uppdraetti er eldishús (1) ekki innan byggingarreits A. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að núverandi byggingar séu innan byggingarreits og settir séu skilmálar um núverandi byggingar. Í skipulagsreglugerð kemur fram að heimilt er að sleppa byggingarreitum fyrir minniháttar mannvirki og viðbyggingar ef skilmálar eru að öðru leyti skýrðir með fullnægjandi hætti í greinargerð. Umhverfisstofnun telur að núverandi eldishús falli ekki undir minniháttar mannvirki.

Umhverfisstofnu bendir á mikilvægi þess að skilyrði um mænishæð bygginga komi fram í tillögunni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

### Ásýnd og rask

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að forðast skuli að láta lausamuni „standa til langframa“ innan lóðar, s.s. gáma, vélarhluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Einnig skal forðast skemmdir á landi

og gróðri umfram það sem nauðsynlegt er meðan á framkvæmdum stendur. Leitast skal við að halda yfirbragði svæðisins og græða upp þau landsár sem verða við framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur orðalagið „*forðast skal að láta lausamuni standa til langframa*“ ekki nægilega skýrt.

Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.5.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. að skilmálar skuli vera skýrir og greinargóðir.


Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan er innan friðlands er mikilvægt að starfseminni sé markaður skýr rammi og skilyrði í aðal- og deiliskipulagi og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar, þ.m.t. að stuðlað sé að góðri umgengni um svæðið.

### **Umferð gangandi**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir umferð gangandi (göngustígar) um svæðið í deiliskipulagstillögunni og mikilvægt er að girðingar hindri ekki umferð. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.*“


### **Samantekt**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt, þar sem starfsemin er innan friðlands, að starfseminni sé markaður skýr rammi í skipulagi og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar. Umhverfisstofnun bendir á að stefnt er að endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir svæðið í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur